



# UPPLÝSINGAÖRYGGISSTEFNA KÓPAVOGSBÆJAR

## TILGANGUR

Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu Kópavogsbæjar er að tryggja leynd, réttleika, rekjanleika og tiltækileika upplýsinga bæjarfélagsins. Stefnan nær yfir alla starfsemi, upplýsingakerfi og gögn Kópavogsbæjar og þurfa allir starfsmenn og verktakar að tileinka sér hana.

## ÁBYRGÐ

- Bæjarstjórn og bæjarráð Kópavogsbæjar bera ábyrgð á upplýsingaöryggisstefnu bæjarfélagsins.
- Forstöðumaður upplýsingatæknideildar ber ábyrgð á framkvæmd og viðhaldi upplýsingaöryggisstefnunnar í samræmi við ákvarðanir bæjarstjórnar og bæjarráðs.
- Sviðsstjórar eru ábyrgir fyrir að upplýsa forstöðumann upplýsingatæknideildar um allar breytingar sem kunna að hafa áhrif á upplýsingaöryggi.
- Deildarstjórar og starfsmenn eru ábyrgir fyrir að fylgja þeim ferlum og reglum sem skilgreindar hafa verið til að tryggja upplýsingaöryggi, ásamt almennri framkvæmd stefnunnar.

## UMFANG

Upplýsingaöryggisstefna Kópavogs tekur til allrar starfsemi Kópavogsbæjar.

## STEFNA UM UPPLÝSINGAÖRYGGI

Kópavogsbær;

- starfar skv. lögum, reglum og leiðbeiningum sem gilda um stjórnun upplýsingaöryggis. Bærinn stefnir að því að nýta ISO 27001 staðalinn um stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem viðmið og að haga stjórnkerfi sínu í samræmi við hann, með innleiðingu nauðsynlegra ferla og skjölunar fyrir alla starfsemi bæjarfélagsins.
- mun vinna að stöðugum umbótum á ferlum til að framfylgja upplýsingaöryggisstefnunni, þar á meðal gefa út og viðhalda upplýsingaöryggishandbók fyrir starfsmenn. Sérstök áhersla skal lögð á vernd viðkvæmra persónuupplýsinga.
- mun stuðla að og viðhalda virkri vitund um upplýsingaöryggi hjá starfsmönnum, stjórnendum og öðrum sem hafa aðgang að upplýsingum bæjarins.
- mun tryggja sem best að starfsmenn tilkynni öll frávik og veikleika sem varða upplýsingaöryggi. Bærinn mun senda viðeigandi frávik til eftirlitsaðila sem málið varðar.
- mun stöðugt meta áhættu upplýsingaöryggis og innleiða aðgerðir til að draga úr áhættu.

## MARKMIÐ

- Öll kerfi og þjónusta uppfylla skilgreindar kröfur um leynd, réttleika, rekjanleika og tiltækileika gagna.
- Virk fræðsla og þjálfun starfsmanna í upplýsingaöryggi er stöðugt framkvæmd.
- Áhættumat upplýsingaöryggis er í stöðugri endurskoðun og virkt eftirlit er með þeim áhættustýringum sem skilgreindar hafa verið.

Lagt fyrir bæjarráð og samþykkt 02.05.2024